

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

73
1. júní

Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 69

Gjörir kunnugt: Samkvæmt heimild í lögum nr. 18, 22. maí 1890, 6. gr., hefur sýslunefndin í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu sett svo hljóðandi:

Reglur

um hreinsun hunda í sýslunni.

(Niðurl.).

Í sólarhring á að loka hundinn inni, og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan, síðan skal gefa hundinum inn 8 gröm af arekaduþti, hrærðu saman við eitthvað, sem hundurinn jetur t. d. mjólk, en duptið getur hver hund-eigandi fengið ókeypis hjá hlutaðeigandi hreppsnefnd. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfu klukkutímann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það eigi dugar, þá að gjöra hann sneyptan o. s. frv.

Eptir $\frac{1}{2}$ —3 klukkutíma gengur ormurinn niður af hundinum. Meðan meðalið er að verka, ætti hundurinn að vera í einhverju útihúsi. Það, sem gengur niður af hundinum, á að grafa niður, að minnsta kosti 2 fet og hylja vandlega yfir.

6. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 1—10 kr., er renni að helmingi til uppljóstrarmanns, en að helmingi í hlutaðeigandi sveitarsjóð.

7. gr.

Reglur þessar ganga í gildi 20. maí 1896, og birtast hjer með hlutað-eigendum til eptirbreytni.

Skrifstofu Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Stykkishólmi 4. apríl 1896.

Undir mín hönd og embættisinsigli.

Lárus Bjarnason.

Reikningur

74

yfir tekjur og gjöld Thorkillii-barnaskólasjóðs 1895.

Tekjur.

1. Eptirstöðvar við árslok 1894:

a. Innritunarskirteini Litr. A. Fol. 87	28500 00	
b. Skuldabryf	39120 39	
c. Ógoldnir vextir frá árinu 1894	88 00	
d. Í landsbankanum	538 83	
e. Í peningum	14 87	68262 09
		<hr/>
	Flyt	68262 09

	Flutt	68262 06
2. Samkvæmt úrskurði landshöfðingja á athugasemdum við reikninginn 1892	32 00	32 00
3. Vextir:		
a. Af innritunarskírteini Litr. A. Fol. 87 frá 11. desbr. 1894 til 11. desbr. 1895	997 50	
b. Af skuldabrfjum til 11. júní 1895	1421 42	
c. Frá 1894	60 00	
d. Dagvextir frá $11/6$ '94— $26/2$ '95 af 800 kr.	22 67	
— — $11/6$ '95— $5/9$ '95 — 300 —	2 80	
— — $11/6$ '95— $21/11$ '95 — 200 —	3 56	
— — $4/7$ '95— $2/10$ '95 — 500 —	4 89	
e. Af banka innlagi 31. desbr. 1895	16 43	2529 27
4. Endurborguð lán og afborganir	2397 84	2397 84
5. Til jafnaðar færirst gjaldliður 2	1800 00	1800 00
		<u>75021 20</u>

Gjöld:

1. Styrkur veittur til uppfósturs og fræðslu fátækum börnum í hinu forna Kjalarnesþingi	2460 00	2460 00
2. Lánað út	1800 00	1800 00
3. Til jafnaðar færirst tekjuliður 4	2397 84	2397 84
4. Til jafnaðar færirst tekjuliður 3 c	60 00	60 00
5. Eptirstöðvar við árslok 1895:		
a. Innritunarskírteini Litr. A. Fol. 87	28500 00	
b. Skuldabrfjef	38522 55	
c. Ógoldnir vextir frá 1894	28 00	
d. Ógoldnir vextir frá 1895	28 00	
e. Í landsbankanum	555 26	
f. Í peningum	669 55	68303 36
		<u>75021 20</u>

Stíptsyfirvöld Íslands, Reykjavík 20. apríl 1896.

J. Havsteen. Hallgr. Sveinsson.

Reikningur

Nemendasjóðs Möðruvallaskólans 1895.

Tekjur:

1. Hjá reikningshaldara sjóðsins frá f. á.	1 87
2. Innstæða í Söfnunarsjóði 1. jan.	551 00
3. Innstæða í sparissjóði Arnarneshrepps 1. jan.	657 81
4. Vextir borgaðir á árinu	43 43
5. Tillög kennara og lærisveina	62 50
6. Til jafnaðar við tölul. 3. gjaldamegin	657 81
	<u>Samtals 1974 42</u>